



Alþingi

Erindi nr. P 115/1629

komudagur 9/13 1992

Menntamálanefnd Alþingis,  
b.t. Sigríðar Önnu Þórðard., form.  
Þórshamri  
Templarasundi  
150 REYKJAVÍK

Dagsetning:

02.03. 1992

ARK/sk

Stjórn Sambands iðnmenntaskóla hefur rætt frumvarp til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna, lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að námsmenn þurfi að hafa náð "20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt." Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins segir m.a.: "Ástæða þessarar breytingar er sú að margt sérnám, t.d. iðnnám, hefur færst inn í fjölbrautaskólana, sem liður í námi til stúdentsprófs, en ekki er lánað til slíks náms."

Stjórn Sambands iðnmenntaskóla telur augljóst að ofangreind ákvæði frumvarpsins, nái þau fram að ganga, muni letja ungt fólk til starfsnáms. Hætt er við að margir þeir sem að óbreyttu hefðu hug á að stunda starfsnám myndu fresta því að hefja nám þar til ofangreindu aldursmarki væri náð og þá jafnvel af þeim sökum aldrei hefja námið. Stjórn Sambands iðnmenntaskóla telur að þetta sé andstætt yfirlýstri stefnu stjórnvalda og leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði felld niður.

F.h. stjórnar Sambands iðnmenntaskóla,

Atli Rafn Kristinsson, frkvstj.

Samrit sent:

Ólafi G. Einarssyni, menntamálaráðherra.